

65. fundur

Atvinnumálanefnd Stykkishólmsbæjar hélt fund mánudaginn 4. apríl 2005, kl. 21:00. Mætt voru: Magnús Ingi Bæringsson, Sæþór Þorbergsson, Helga Guðmundsdóttir, Sigríður Elisdóttir og Þorsteinn Sigurðsson.

Dagskrá:

1. Kynnt tillaga að róttækum breytingum á starfsemi Eflingar Stykkishólms.

Sæþór lagði fram til kynningar ofangreinda tillögu, sem miðar að því að efla enn frekar það starf sem unnið hefur verið á vegum bæjarfélagsins og í grasrótinni á vegum Eflingar.

Afgreiðsla: Magnúsi og Sæþóri var falið að útfæra tillöguna nánar og leggja hana formlega fyrir atvinnumálanefnd.

2. Önnur mál.

2.1. Rætt var um ástand atvinnumála í Stykkishólmi.

2.2. Magnús sagði frá hugmyndum um kræklingaeldi.

Afgreiðsla: Ákveðið var að óska eftir því í samvinnu við Eflingu Stykkishólms að haldinn verði opinn kynningarfundur um kræklingaeldi.

2.3. Sæþór sagði frá því að nú í sumar komi u.þ.b. 12 aðilar á vegum “Veraldarvina” og muni þeir í tvær vikur vinna við merkingar við göngustíga í nágrenni Stykkishólms.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 22:00.

Magnús Ingi Bæringsson

Sæþór Þorbergsson

Helga Guðmundsdóttir

Þorsteinn Sigurðsson

Sigríður Elisdóttir